

# KU S



## HVERT ER LAGIÐ?

„Allt sem ég geri er fönki eins og Lee Dorsey.“

SVAR: SURE SHOT MED BEASTIE BOYS

**Ellert Grétarsson** ljósmyndari opnaði sýningu á tugum mynda úr sínum fórum í Saltfisksetrinu í Grindavík um helgina. Myndirnar eru af fyrirhuguðum virkjunarsvæðum landsins.

„Það má kannski alltaf lesa einhver „statement“ út úr myndum, en það er ekki beint þannig að ég sé að halda uppi einhverjum pólitískum áróðri,“ segir Ellert Grétarsson ljósmyndari sem opnaði ljósmyndasýningu í Saltfisksetrinu í Grindavík um síðustu helgi. Um er að ræða fjörutú landslags- og náttúruljósmyndir sem Ellert hefur aðallega tekið á síðustu þremur árum víðs vegar um landið.

### Tekur myndir og afstöðu

Á meðal myndanna eru nokkrar sem teknar voru á fyrirhuguðu virkjunarsvæði við Krýsuvík. „Ég hef mikið verið að mynda svæði sem hafa verið í umræðunni vegna virkjanaáforma,“ segir Ellert. „Þegar þessi umræða var komin í háamæli ákvað ég að taka ekki afstöðu til þessara mála fyrr en ég væri búinn að skoða þessi svæði, þannig að ég fór og labbaði um Brennisteinsfjöll, Þjórsárver, Langasjó, Reykjanesið og Ölkelduhálsinn með myndavélina á lofti. Og ég skal viðurkenna að mér finnst svolítið þirrandi að það megi hvergi vera náttúruperla öðruvísi en að menn vilji annaðhvort sökkva henni eða bora hana sundur og saman.“

Ef menn ætla að virkja þetta vil ég endilega að það séu til myndir af þessum svæðum eins og þau voru áður en framkvæmdir hófust. En ég er aðallega að sýna fólki þetta fallega land og þessar náttúruperlur sem við eigum og kannski um leið að hvetja það til að skoða það, og taka jafnvel afstöðu í framhaldinu um virkjanaáform og umhverfismál.“

### Viðurkenningar í einni stærstu myndasamkeppni heims

Ellert starfar sem blaðamaður og ljósmyndari hjá Víkurfréttum en kveðst nota töluvert af frítímanum í að mynda úti í náttúrunni. Myndir hans hafa birst í útbreiddum blöðum og tímaritum eins og Art Business News, Direct Art og menningarblaði Herald News. Þá hefur Ellert sýnt meðal annars í New York, Barcelona, Los Angeles og Sofía. Haustið 2006 hélt hann stóra einkasýningu í Narrows Center for The Arts í Fall River í Massachusetts.

Á liðnu hausti fékk Ellert svo þrjár svokallaðar „Honorable Mention“-viðurkenningar við veitingu International Photography-verðlaunanna, sem er ein stærsta ljósmyndasamkeppni í heimi, fyrir eina

Slappað af Ellert hvílir lúin bein í kvöldsólinni uppi á Sveifluhálsi.



Gengið á Sveinstind útsýnið yfir Langasjó og nágrenni af Sveinstindi er vægast sagt magnað, eins og þessi mynd Ellerts ber með sér.

# EKKI PÓLÍTÍK EÐA PAPPARAZZ-IMYNDIR

staka mynd og tvær myndaseríur. „Það kom mér ákaflega þægilega og skemmtilega á óvart. Það eru um tuttugu þúsund myndir sendar inn frá níutú löndum og þetta eru viðurkenningar sem veittar eru þeim sem dómnefndinni finnst mikið til koma, þótt þær séu ekki í vinningssæti.“

Verandi ljósmyndari Víkurfrétta hlýtur Ellert að

hafa tekið „papparazzi-myndir“ af stjörnum í Leifstöð – eða hvað? „Nei, það hefur einhvern veginn hist þannig á að ég hef aldrei verið tiltækur þegar á því hefur þurft að halda,“ svarar Ellert hlæjandi. „Ég er heldur ekki þessi týpa, að liggja einhvers staðar í launsátri með myndavél.“

kristjanh@dv.is

# KAFFIÐ GÓÐA OG SKINKUHORNIÐ SLÆMA

